

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Ósk um aukinn stuðning við RIFF og UngRIFF 2024

Reykjavíkurborg barst erindi frá RIFF - Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, þann 27. febrúar 2024, þar sem óskað er m.a. eftir 10 m.kr. fjárveitingu til að tryggja stöðugildi verkefnastjóra sem starfar árið um kring við hátíðina og við undirhátíðina UngRIFF. Menningar- og íþróttasvið fékk erindið til meðferðar sama dag og átti m.a. fund með fulltrúum RIFF vegna erindisins þann 3. apríl þar sem óskað var eftir frekari gögnum sem bárust 11. apríl.

RIFF - Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík er ein af borgarhátíðum Reykjavíkurborgar. Hátíðin er með þriggja ára samning sem gildir fyrir árin 2023-2025 og samþykktur var í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar. Árlegt framlag samkvæmt þeim samningi er 7.5 m.kr. á ári.


Áherslur RIFF fyrir árið 2024 eru meðal annars bætt aðgengi fyrir fatlaða og jaðarsetta hópa og öflugt ungmennasamstarf í gegnum ungmennahátíð UngRIFF. Til þess að koma barna- og ungmennastarfseminni undir einn hatt, auka gæði og efla skipulagningu og vægi barnaefnis á RIFF, var undirhátíðin UngRIFF stofnuð árið 2023.

Árið 2022 sótti RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík um styrk úr borgarsjóði á sviði menningarmála vegna verkefnisins UngRIFF að upphæð 5.500.000 kr. Líkt og aðrar umsóknir fór faghópur skipaður fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar yfir innkomnar umsóknir um styrk á sviði menningarmála og gerði tillögu að úthlutun fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð. Í úthlutun ársins 2023 hlaut RIFF styrk að upphæð 1.000.000 kr. vegna UngRIFF 2023. Að auki fékk UngRIFF styrk frá barnamenningarverkefninu List fyrir alla að upphæð 400.000 kr. og Kvikmyndamiðstöð Íslands lagði til 2.000.000 kr. Kostnaður við rekstur UngRIFF er hins vegar mun meiri og aðstandendur RIFF telja nauðsynlegt að hafa einn starfsmann í vinnu árið um kring.



Umsóknarfrestur um styrk úr borgarsjóði vegna verkefna á árinu 2024 lauk 27. október sl. ekki barst erindi frá RIFF vegna UngRIFF 2024 innan tilskilins frests en styrkjum úr borgarsjóði á sviði menningarmála fyrir árið 2024 hefur verið úthlutað. Ekki er til staðar fjármagn á menningar- og íþróttasviði fyrir frekari styrkjum.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík